



BA ritgerð

Heimspeki

Angist ábyrgðarinnar

Jean-Paul Sartre og Simone de Beauvoir um orsök og
afleiðingar óheilindanna

Anna Marín Þórsdóttir

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson
Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Angist ábyrgðarinnar

*Jean-Paul Sartre og Simone de Beauvoir um orsök og
afleiðingar óheilindanna*

Ritgerð til B.A.-prófs

Anna Marín Þórsdóttir

Kt.: 230590-2499

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Júní 2020

Ágrip

Frönsku heimspekingarnir Jean-Paul Sartre og Simone de Beauvoir eru án efa í hópi frægustu og umdeildustu heimspekinga 20. aldarinnar. Á meðan margir tóku fagnandi á móti hugmynd Sartres um óheilindin sem hann sakar mannveruna um og frelsið sem hann dæmir hana til, fór þessi hugmynd verulega fyrir brjóstið á öðrum. Sartre eyddi hins vegar stórum hluta ferils síns á milli þessara tveggja hópa í viðleitni til að leiðrétta ýmsa túlkun sem honum fannst hafa afvegaleitt tilvistarstefnu sína og svara gagnrýni á siðleysi hennar. Beauvoir er þó talin hafa vera sú sem ljáði tilvistarstefnunni siðfræði, en einnig náði hún að ýta undir vinsældir og áhrif stefnunnar með útfærslu sinni á hugmyndinni um óheilindi kynjanna í hinu feminíska verki sínu *Hinu kyninu*.

Í þessari ritgerð er fjallað um orsök og afleiðingar óheilindanna sem Sartre og Beauvoir fjalla um í verkum sínum, og þær jákvæðu afleiðingar sem þau vilja sýna fram á að viðurkenning mannverunnar á frelsi sínu og ábyrgð geti haft á samfélag manna. Farið er í heimspekileg rök þeirra fyrir kenningum sínum, ásamt tilraun Sartres til að verja stefnu sína gegn gagnrýni á hana.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Tilvistarstefnan á umbrotatímum	6
3	Hinn óþægilegi sannleikur	8
3.1	Vera meðvitundarinnar	8
3.2	Óheilindin	12
4	Gagnrýni og siðfræðileg mótun	14
4.1	Bölsýni eða kröfuhörð bjartsýni?	15
4.2	Beauvoir kemur til bjargar	18
5	Hitt kynið	20
5.1	Fórn konunnar	20
5.2	Hinar óleysanlegu erjur	22
5.3	Viðtökur og áhrif <i>Hins kynsins</i>	24
5.4	Líf tilvistarsinnans	26
6	Niðurstaða	27
7	Lokaorð	29
	Heimildaskrá	31

1 Inngangur

Það er hlé á tónleikunum og ég hleyp af stað á klósettið, en það er nú þegar komin löng röð. Svo löng að ég held að tónleikarnir muni byrja aftur áður en kemur að mér. Það er lítil sem engin röð á karlklósettið. Ég og hinar konurnar tókum eftir þessu, en áfram stöndum við og bíðum örvæntingafullar. Eftir fáeinar mínútur í næstum óhreyfðri röð fara hugsanir mínar um ástand þetta á flug. Hvað ef ég færi bara á karlklósettið? Myndu ill augnaráð fylgja mér eftir? Væri ég að stofna okkar sameiginlegu siðferðislegu gildum í hættu? Ég finn fyrir lönguninni að fara á karlklósettið en ég þori því ekki, þannig virkar þetta ekki. Ég er kona og á að fara á kvennklósettið, ekki vera að flækja þetta. Ég vona að röðin fari að hreyfast nógu hratt til að ég losni við þessa hugsun, svo ég þurfi ekki að taka þessa ákvörðun. En röðin færist löturhægt og tilhugsunin hverfur ekki. Bara að gildin gætu bókstaflega neglt mann fastan! Ég hef aldrei verið jafn berskjölduð gagnvart frelsinu. Í ógnandi mynd starir það á mig og minnir mig á að ég kemst ekki hjá því að ákveða mig, þó ég þykist ekki geta það með því að fela mig á bakvið hinar konurnar sem gera það sama. Við hugsum allar það sama en engin vill bera ábyrgðina. Ég veit að ég get gengið þessi skref, það er í rauninni ekkert sem stoppar mig nema mitt eigið samþykki á þessum gildum. Ég upplifi nú sem aldrei fyrr hversu óstöðug mannleg tilvera er; um leið og ég sleppi takinu breytast aðstæðurnar, ekki bara mínar heldur annarra líka. Að lokum get ég ekki blekkt sjálfa mig lengur og geng yfir á hálfótmt karlklósettið. Þegar ég kem út er röð af konum á eftir mér. Hvílíkur léttir! Ég nýt þess sem eftir er af tónleikunum með gleði í hjarta yfir því að hafa ekki viljandi leynt mig frelsi mínu.

Tilgangur þessarar dæmisögu er ekki að segja að við eigum að sniðganga kynjamerkingar á klósettum eða að eina leiðin til að vera frjáls sé að hundsá almenn gildi samfélagsins og gera það sem okkur sýnist, heldur að varpa ljósi á ótakmarkað frelsi hugans til að taka sjálfstæða ákvörðun um þátttöku okkar í aðstæðum sem við erum í hverju sinni, sem þar með gerir okkur ávallt ábyrg fyrir stöðu mannverunnar í heiminum. Franski heimspekingurinn Jean-Paul Sartre (1905-1980) fjallaði meðal annars í verkum sínum *Vera og neind* og *Tilvistarstefnan er mannhyggja* um tilhneigingu mannverunnar til að flýja sjálfa sig til að komast undan þeirri angist sem fylgir því að þurfa sjálf að bera þessa ábyrgð. Hún reynir að flýja angistina með því að

telja sér trú um að heimurinn sé á einhvern óumflýjanlegan hátt skapaður fyrirfram; trúin verður þá leiðarvísir og reglugerð mannverunnar, mannlegt eðli á sökina á yfirsjónum hennar, samfélagsleg gildi og yfirvöld hefta frelsi hennar, lita ákvarðanir hennar, og svo mætti lengi telja.

Í þessari ritgerð mun ég að fjalla um þessa sjálfsblekkingu, eða *óheilindin* (fr. *mauvaise foi*) eins og tíðkast hefur að kalla hina „slæmu trú“ Sartres á íslensku: „Axla ég ábyrgðina sem fylgir því að vera frjáls vitundarvera? Ef ekki, þá er ég sekur um *óheilindi* en þau eru hverskyns undanbrögð sem miða að því að leyna mig frelsi mínu og axla ekki ábyrgðina sem því fylgir.“¹ Sartre gerir *einstaklinginn* fyrst og fremst ábyrgan fyrir aðstæðunum og stöðu sinni í heiminum sem hann segir svo undir honum sjálfum komið að gefa merkingu. Af þessum sökum, meðal annars, varð tilvistarheimspeki Sartres mjög umdeild; manneskjan er flókin og mislynd vera sem þarf siðferðilega umgjörð til að samfélag manna gangi upp og því þótti stefnan bæði dómhörð og siðlaus, en á sama tíma náði Sartre með henni gífurlegum vinsældum. Mig langar að taka jákvæðari pólinn og útskýra hvernig Sartre reynir að leiðrétta „misskilning“ gagnrýnenda – að í rauninni sé hann ekki að boða neitt nýtt heldur telur sig aðeins vera að opna fyrir fólki dyrnar að sannleikanum sem það afneitar. Markmið mitt mun því beinast að því að greina rök hans og grunn hugmynda sem liggja að baki óheilindunum og frelsisdómnum, og varpa ljósi á þær jákvæðu afleiðingar sem Sartre taldi fylgja kenningunni. Hvað á Sartre til dæmis nákvæmlega við með að einstaklingurinn sé fyrst og fremst ábyrgur fyrir aðstæðum sínum? Er þar með allt siðferði fyrir bí? Er hægt að líta á kenningu hans frá siðfræðilegu sjónarhorni?

Sartre gekk illa að sannfæra gagnrýnendur og leggja að stefnunni siðfræðilegan grunn, og því mun ég í seinni hluta ritgerðarinnar tala um hvernig franskri heimspekingurinn Simone de Beauvoir (1908-1986) veitti stefnunni siðferðilegan stuðning. Markmiði ritgerðarinnar til halds og trausts mun ég svo gera grein fyrir óheilindahugtakinu eins og það birtist í frægasta og umdeildasta verki Beauvoir, *Hinu kyninu*, og þeim áhrifum sem verkið hafði á jafnréttisbaráttu kvenna, en óheilindin taldi Beauvoir meginástæðu þess að jafnrétti milli kynjanna hafði enn ekki náðst, og myndi ekki nást nema með upprætingu þeirra.

¹ Vilhjálmur Árnason, inngangur að *Tilvistarstefnan er mannhyggja* eftir Jean-Paul Sartre, þýð. Páll Skúlason og Egill Arnarson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 24.

2 Tilvistarstefnan á umbrotatímum

Þó að tilvistarstefnan hafi ekki verið fullkomlega ný af nálinni á blómaskeiði Sartres áttu hugleiðingar hans stóran þátt í að gera stefnuna heimsfræga, enda var seinni heimsstyrjöldin – útgáfutími frægustu verka hans – tími mikilla umbreytinga; hversdagsleikinn var gjörsamlega sviptur öryggishulunni og viðtekin gildi lögð í rúst. Fólk öðlaðist nýja sýn á heiminn og sjálf sig og eins og á fyrri umbrotatímum sögunnar sótti það innblástur í nýjar og óhefðbundnar raddir sem gætu leitt það inní nýja tíma. Hér hafði frjálst samfélag Evrópubúa beðið skipbrot, skuggahlið mannkynsins var ekkert leyndarmál lengur og fyrst á botninn var komið var nauðsynlegt að hreinsa til í hugum manna áður en uppbygging hæfist á ný. Ekki var nóg að draga þá æðstu til ábyrgðar heldur þurfti fólk líka að læra að treysta hvert öðru á nýjan leik. Það er því kannski skrítið að tilvistarheimspeki Sartres sem byggist á sjálfshyggju og þýðir að „maðurinn kemst til vitundar um sjálfan sig einn síns liðs“² hafi orðið svona vinsæl. Hverju þurfti fólk mest á að halda á tímum sem þessum? Samstöðu manna og von. Af þeim sökum fékk heimspeki hans einnig á sig mikla gagnrýni úr ýmsum áttum; hún var sögð neikvæð, sjálfhverf, og umfram allt siðlaus. En gagnrýnin virtist að mati Sartres byggð á misskilningi og sú skoðun hans varð kveikjan að bókinni *Tilvistarstefnan er mannhyggja* (1946) þar sem ætlun Sartres var „að verja tilvistarstefnuna gegn vissum aðfinnslum“.³

Sartre var einlægur og ópólítískur (allavega fyrir stríðið) og skrifaði fyrst og fremst með frelsi mannsins í huga, sem virtist hinum stríðshrjáða almenning lyftistöng til bjartari framtíðar. Ytri heimurinn er stöðugur massi sem hefur sinn eiginn veruleika, hann er hvorki réttur né rangur; eins og tilvist tölvunnar minnar er hvorki rétt né röng; vera hennar á borðinu einfaldlega *er*. En þannig er maðurinn ekki. Hann er áætlun; hreyfingin og frelsið sem sundrar honum. Við erum ekki föst í eðli okkar heldur höfum möguleika á að yfirstíga aðstæðurnar og okkur sjálf.

Því að við eigum við að maðurinn sé fyrst til, það er að segja að maðurinn sé upphaflega sá sem kastar sér á vit framtíðarinnar og er meðvitaður um að ætla sér framtíð. Maðurinn er upphaflega sjálflífuð fyrirætlun, öfugt við til dæmis mosa,

² Jean-Paul Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, þýð. Páll Skúlason og Egill Arnarson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 48.

³ Sama rit, 47.

myglu eða blómkál. Ekkert er til á undan þessari fyrirætlun; það er ekkert á himni hugtakanna, og maðurinn er upphaflega það sem hann ætlar sér að vera.⁴

Það er ekkert á himni hugtakanna. Við erum ekki föst undir hugtökum og gildum heldur erum við frjálsar verur með nútíð og framtíð, sem í sífellu þurfa að bera hugtökin og gildin undir okkur sjálf. Það þarf vart að taka fram að fólk hafi tekið þessi orð föstum tókum í óreiðunni. Rétt eins og frelsisskerðingin sem Sartre upplifði með herkvaðningunni og dvöl sinni í stríðsfangabúðum fundu flestir fyrir því að vegið hefði verið að frelsi þeirra á einn eða annan hátt, og fékk því tilvistarstefna Sartres byr undir báða vængi (eða allavega annan) í þessari vitundarbaráttu.

Eftir frelsun Parísar 1944 birtist tilvistarstefnan einkum í menningarlegri tjáningu frelsisins í gegnum djass, kaffihúsamenningu og uppreisn ungmenna. En Sartre var samt ekki nógu sáttur við þessa „tilvistartískubylgju.“ Vinsældir og útbreiðsla stefnunnar lyftu henni upp úr öllu valdi og um það leyti sem Sartre var að reyna að verja stefnuna gegn þeirri fræðilegu gagnrýni sem beindist að siðleysi og neikvæðni hennar var fólk farið að skilgreina sig sem „existensíalista“ ef það svo mikið sem gekk í fjólubláum skóm: „Flestir sem nota þetta orð ættu erfitt með að færa fram réttlætingu á því [...]. Það er engu líkara en fólk sem þyrstir í hneyksli og nýbreytni og saknar framúrstefnu á borð við sùrrealismann, snúi sér til þessarar heimspeki, sem getur reyndar ekkert fært því í þeim efnun.“⁵ Tilvistarstefnan væri þvert á móti strangfræðileg og ekkert nema bjartsýn og markmið hennar, ábyrgð einstaklingsins, ætti einmitt að koma í veg fyrir því líkt mannlegt hneyksli sem heimsstyrjöldin síðari til dæmis var. En það er erfitt að átta sig á misskilningi gagnrýnnar ef maður lifir sjálfur innan veggja óheilindanna. „Vekur kenningin, sem ég ætla að reyna að gera grein fyrir, ótta einmitt vegna þess að hún gefur mannum kost á að velja?“⁶ Þess vegna tel ég þess nú þörf að grafa dýpra í heimspeki og hugsanir Sartres til að skilja hugarferli mannverunnar í óheilindunum; hvað það er sem hann telur að geri okkur ábyrg, og hvernig hægt sé að brjótast útúr þessu hugarfangelsi til að geta horfst í augu við sannleikann.

⁴ Sama rit. 54.

⁵ Sama rit, 50.

⁶ Sama rit, 50.

3 Hinn óþægilegi sannleikur

Einkunnarorð tilvistarstefnu Sartres, „tilveran er upphaflegri en eðlið,“ þóttu byltingarkennd fullyrðing. „Það táknað að maðurinn sé fyrst til, hitti sjálfan sig fyrir, sprettur fram í heiminum, og að hann skilgreini sig eftir á.“⁷ Þetta gengur væntanlega þvert gegn venjulegum skilningi flestra á tilverunni sem felur í sér að við hegðum okkur samkvæmt fyrirfram gefnu eðli mannsins í fyrirfram skilgreindum heimi. Með þeirri trú telur Sartre hins vegar að óheilindin finni sér farveg, því maðurinn stjórnast ekki fyrst af líkamlegu eðli sínu eða aðstæðunum heldur fyrst og fremst af *meðvitund* sinni um líkamlega veru sína í ákveðnum aðstæðum. Í þessum kafla útskýri ég grunninn að hugmyndum Sartres og rök hans fyrir því hvernig óheilindi fólks eiga sér möguleika, það er, hvernig við komumst ekki hjá því að taka meðvitaðar ákvarðanir í aðstæðum okkar og bera þannig ábyrgð á þeim, og erum þar með dæmd til frelsis.

3.1 Vera meðvitundarinnar

Sartre sagðist líta á sig sem kartesískan heimspeking, þá sérstaklega í *Veru og neind*,⁸ en kartesísk hugsun Sartres er innblásin af, eins og nafnið ber með sér, hugleiðingum franska heimspekingsins René Descartes (1596-1650). Það sem Sartre heillaðist helst af var hugmynd Descartes um *cogito-ið – ég hugsa, þess vegna er ég til* – sem upphafspunktur mannverunnar í að öðlast þekkingu á heiminum. Líkt og Descartes taldi Sartre þetta hið eina milliliðalaus samband mannverunnar við heiminn, og eina algilda sannleikann sem mannveran gæti túlkað hann útfrá, „því að utan þessa *cogitos* Descartes eru allir hlutir einungis sennilegir og kenning um hið sennilega, sem ekki styðst við sannleika, leysist upp og verður að engu [...].“⁹ Einnig taldi hann kenningu Descartes vera þá einu sem ljær mannum reisu og gerir hann ekki að hlut. „Við viljum einmitt byggja upp ríki mannsins sem heild verðmæta sem eru aðgreind frá hinni efnislegu veröld.“¹⁰ Sartre rannsakaði því huga mannsins og hið efnislega í sitthvoru lagi, en ólíkt tvíhyggju Descartes sem felur í sér að hvor þátturinn um sig búi yfir efnislegum eiginleikum taldi Sartre hugann í fyrsta lagi ekki efnislegan, og í öðru

⁷ Sama rit, 53.

⁸ Sama rit, 21.

⁹ Sama rit, 74.

¹⁰ Sama rit, 75.

lagi að munurinn lægi í veru þeirra, sem til að byrja með væri einfaldast að útskýra sem veru hlutanna annars vegar og veru mannsins hins vegar.

Vera hlutanna er það sem Sartre kallar *vera-í-sér* og er ómeðvituð, stöðug og hlutlæg, eins og til dæmis vera penna sem hefur fyrirfram ákveðið hlutverk, eða vera eldfjalls sem hefur engan sjálfstæðan vilja. Það er ekkert flókið eða tvírætt við þessa veru, hún einfaldlega er. Vera mannsins er aftur á móti bæði flókin og tvíræð. Við eigum þessa stöðugu veru sameiginlega með hlutunum að því leyti að við erum ávallt stödd í aðstæðum sem eru á því augnabliki óbreytanleg staðreynd og Sartre kallar *staðveru* mannsins. Staðveran í nútímalegum skilningi er það sem við skiljum vanalega sem sjálfsmýnd okkar eða „hver við erum”, hvort sem við veljum það – til dæmis lögfræðingur, skáti, framsóknarmaður eða jafnvel flugfarþegi – eða veljum það ekki – til dæmis íslensk, hávaxin, brotápoli eða einkabarn. Það sem aðgreinir manninn frá hlutunum hins vegar er meðvitundin, sem gerir okkur kleift að meta staðveru okkar og taka sjálfstæðar ákvarðarnir innan hennar. Við erum meðvituð um að vera. En hér flækjast hins vegar málín. Eins og ég nefndi er staðvera okkar (*vera-í-sér*) ekki meðvituð, þannig að þegar ég segi (í skilningi Sartres) að „við” erum meðvituð um að vera, hlýtur *meðvitundin* að vera meðvituð um að vera, sem þar með gefur okkur að vera meðvitundarinnar sé meðvituð um að vera. En nú er eins og við uppgötvum aðskilnað hennar frá sjálfri sér því *vera* meðvitundarinnar getur ekki verið það sama og meðvitundin *sjálf* fyrst hún er meðvituð um hana. Ef meðvitundin væri aðeins í sjálfri sér gæti hún ekki verið meðvituð. Og eins og við vitum getur meðvituð vera ekki verið *vera-í-sér*, því meðvitundin nær út fyrir hana, sem gefur okkur því nýtt afbrigði verunnar; *vera-fyrir-sig*, sem Sartre kallar *handanveru* mannsins.¹¹

Tvíhyggja Sartres endurspeglar vissulega gegnum aðgreiningu veru hins efnislega og veru meðvitundarinnar, en fræðilegur grunnur heimspeki hans er þó meira í anda þýsku fyrirbærafræðinnar. Fyrirbærafræðileg nálgun hans á rætur að rekja til Edmunds Husserl (1859-1938) sem sagði að öll meðvitund væri ávallt meðvitund *um* eitthvað.¹² Þó að meðvitund mannverunnar í skilningi Sartres sé *vera-fyrir-sig* þýðir það því ekki að hún sé til ein og óháð, því hún beinir spjótum sínum alltaf út fyrir okkur sjálf í átt að einhverju í umhverfinu til að *geta* verið. „M. Laporte

¹¹ Stephen Priest (ritstj.), *Jean-Paul Sartre: Basic Writings* (London: Routledge, 2001), kaflar „Being“ og „Bad faith“.

¹² Sama rit, 61.

segir að abstrakt verði til þegar hugsað er út af fyrir sig um eitthvað sem getur ómögulega verið til út af fyrir sig. [...] Frá þessu sjónarhorni er meðvitundin abstrakt þar sem hún felur í sér verufræðilega tilvísun inná svæði [veru-]í-sér.¹³ Svo lengi sem við erum meðvituð erum við því ávallt meðvituð um aðstæður okkar. En vandamálið sem Sartre stendur nú frammi fyrir er að við upplifum okkur ekki aðeins sem tilvísun í heiminn eða utanaðkomandi meðvitund sem horfir inní heiminn gegnum handanveruna, heldur erum við ávallt mitt í aðstæðunum. Er eitthvað sem getur afhjúpað þessa tengingu sem sameinar meðvitund okkar við umhverfið? Hvernig „sprettum við fram í heiminum“?

Sú heimspeki sem kallast einna helst á við þessar hugleiðingar Sartres er verufræði þýska heimspekingsins Martins Heidegger (1889-1976). Samkvæmt Heidegger þekkjum við veruna aðeins frá hlið mannverunnar. Til að komast að því hvað það þýðir að vera rannsakaði hann því upplifun mannsins á því hvað það er að vera. Samkvæmt Heidegger virðist mannveran gera ráð fyrir verunni án þess að huga sérstaklega að henni – grasið *er* grænt, Ísland *er* lýðræðisríki, ég *er* að skrifa – og taldi hann því að veran væri mannum fyrirfram gefin. Meðvitundin um veruna kemur á eftir verunni sjálfri. Út frá raunveruleika heimsins eins og mannveran skynjar hann er veran samkvæmt Heidegger því „ekkert“ nema upplifun og túlkun fyrirbæra heimsins, en það er í gegnum þessa neind sem maðurinn upplifir veru sína þar, *Dasein*.¹⁴ Það sem heillaði Sartre var það hvernig Heidegger gefur veruna á vald neindarinnar sem er upphaflegri en meðvitundin sjálf, en í staðinn fyrir að smætta fyrirbærin niður í „eðli“ þeirra og komast þannig að neindinni að hætti fyrirbærafræðinnar, þróaði Sartre hugmyndina um samspil verunnar og neindarinnar á þann hátt sem hefur verið talinn meira í anda díalektískrar hugsunar G.W.F. Hegels (1770-1831); vera meðvitundarinnar og neindin eru í rauninni eitt og hið sama. Sartre notar hins vegar „rannsóknaraðferð“ Heideggers til að afhjúpa neindina og byrjar á að líkja veru okkar gagnvart veru hlutanna við yfirheyrslu:

Ég spyr veruna um veruhátt hennar eða um tilveruna hennar. Frá þessu sjónarhorni er spurningin ákveðin eftirvænting; ég býst við svári frá verunni sem

¹³ Sama rit, 138. Tilvitnun í *Veru og neind* eftir Sartre. Þýðing er mín.

¹⁴ Wheeler, Michael, „Martin Heidegger“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 12. október 2011, <https://plato.stanford.edu/archives/win2018/entries/heidegger/> (skoðað 29. apríl 2020).

ég spurði. Það er að segja, á grundvelli kunnugleika míns við veruna býst ég við afhjúpun veru hennar eða veruháttar. Svárið verður „já“ eða „nei“.¹⁵

Ytri veruleikinn er okkur vissulega kunnugur og búumst við því við afhjúpun hans á ákveðinn hátt. Þessi eftirvænting gefur veruleika okkar hins vegar möguleika á neitun, en með neitun upplifum við eyðileggingu þess sem við töldum vera. Sartre tekur dæmi máli sínu til stuðnings þar sem hann telur sig eiga fimmtán hundruð franka í veskinu sínu, en þegar hann lítur ofan í það telur hann *aðeins* þrettán hundruð franka. Vera þessarar þrettán hundruð franka er samt ekki í eðli sínu skortur á tvö hundruð frönkum; skorturinn – þetta „aðeins“ – kom frá meðvitund Sartres.¹⁶ Það er engin „eyðilegging“ nema fyrir meðvitundina. Ytri veruleikinn (vera-í-sér) felur nefnilega ekki *sjálfur* í sér skort eða andstæður sem við síðan meðtökum, heldur meðtökum við fyrst fyrirbærin eins og þau birtast veru-fyrir-sig og gerum þau síðan að því sem meðvitundin skynjar, okkar eigin raunveruleika. Við upplifum því skort og fyllingu, þátíð og framtíð og allskonar andstæður *aðeins* í gegnum meðvitundina, sem gerir það að verkum að heimurinn fær síðan á sig þessa ákveðnu þýðingu. Vera meðvitundarinnar hefur þar af leiðandi ekkert eðli, hún er aðeins spurning um eitthvað annað því sjálf er hún ekkert nema það sem greinir okkur á milli staðfestingar og neitunar. Hún er eyðileggingin og neindin sem gerir aðstæður sem *eru* að aðstæðum sem *voru*. Meðvitundin fellur þannig aldrei inni sjálfa sig og verður að fullmótaðri sjálfsmýnd eða að einni stöðugri eðlisheild líkama og hugar (sem við vitum núna að í skilningi Sartres gæti ekki verið meðvituð), því vera hennar er ekki hún sjálf heldur *nærvera* hennar sjálfrar sem yfirstígur staðveru sína á hverju augnabliki. Við getum því ekki ákveðið fyrirfram hvort eða hvernig við „sprettum fram í heiminum“; við erum þar nú þegar vegna handanverunnar (neindarinnar). Hún er búin að neita því sem við teljum vera áður en við gerum okkur grein fyrir því vegna þess að við finnum okkur í stöðugri óvissu, og það eina sem við höfum í höndunum er frelsið til að velja – *frelsið sjálft* – því það er ekkert eðli meðvitundarinnar sem heldur aftur af okkur. Við erum stanslaust að meta og yfirstíga aðstæður okkar og ákveða næsta skref. Það er því ekkert eitt sem afhjúpar tengingu mannverunnar við heiminn því mannleg tilvera er aðeins skynjun verunnar á fyrirbærunum og hlutgerving meðvitundarinnar á

¹⁵ Priest, *Jean-Paul Sartre: Basic Writings*, 140. Tilvitnun í *Veru og neind* eftir Sartre. Þýðing er mín.

¹⁶ Sama rit, 141.

henni á hverju augnabliki sem líður hjá, eins og Sartre orðaði á svo frægan hátt: „Hún er það sem hún er ekki og er ekki það sem hún er.“¹⁷

Sartre gerði sér grein fyrir misskilningnum sem gæti falist í „hlutgervingu“ neindarinnar og tók hann því sérstaklega fram að neindin væri ekki. En ef tveir hlutir eru aðskildir með engu, þýðir það þá ekki það sama og að þeir séu *ekki* aðskildir? Að vissu leyti er það satt; hlutirnir í sjálfum sér eru ekki aðskildir með neindinni. Ytri heimurinn hefur ekkert tóm því hann hefur ekki meðvitundina til að neita. Vegna veru meðvitundarinnar getur mannveran hins vegar ekki neitað neindinni því þá erum við aðeins að setja neitunina í dulargervi en ekki að fjarlægja hana, og því blasir við okkur varanlegur möguleiki neitunarinnar.¹⁸ Ef enginn vafi lægi á sannleika heimsins værum við heldur aldrei í vafa með neitt og óheilindin myndu aldrei eiga sér stað.

3.2 Óheilindin

Við sjáum nú að meginmunurinn á veru hlutanna og veru mannsins er munurinn á stöðugleika og hreyfingu; hlutirnir *eru* en maðurinn *verður*. Samkvæmt Sartre vill maðurinn hins vegar trúa því að hann geti verið hvort tveggja. Hann vill sameina handanveruna og staðveruna í eina heild, hann vill vera Guð; óbreytanleg og fyrirfram skilgreind vera með frjálsan vilja.¹⁹ Sátt í staðverunni reynum við því að finna okkur afsökun fyrir því að afsala okkur ábyrgð á okkur sjálfum. Þar með hefst leiðin inni óheilindin.

Rifjum aftur upp dæmisöguna í inngangi ritgerðarinnar. Þar er ég stödd í ákveðnum aðstæðum sem eru á því augnabliki staðvera mín – ég er kvenmaður sem, undir áhrifum af ákveðnum gildum, hefur valið að fara á kvennaklósettið. Vera meðvitundar minnar beinist hins vegar að umhverfi mínu og tekur inn upplýsingar frá því sem virðist vera annað salerni þar sem karlmenn ganga inn og út um. Meðvitund mín tekur við þessum upplýsingum og mér verður ljóst að með því að fara á karlklósettið myndi ég ekki þurfa að bíða jafnlengi og ná þar með inná tónleikana áður en hléinu lyki. En ég er einnig meðvituð um fólkið í kringum mig og gildi óskrifðra reglna samfélagsins sem segja mér að vera kyrr í röðinni. Af ótta við þá ábyrgð sem fylgir því að fara á karlklósettið leitar meðvitund mín því til

¹⁷ Sama rit, 107. Tilvitnun í *Veru og neind* eftir Sartre. Þýðing er mín.

¹⁸ Sama rit, 140.

¹⁹ Sama rit, 108.

staðverunnar; kvenlegs eðlis míns í röðinni á kvennaklósettið. En þrátt fyrir réttlætingu staðveru minnar er ég ennþá alveg jafn meðvituð um frelsið sem ég hef til að velja hvort klósettið ég vilji fara á. Það sem ég neita að átta mig á, í skilningi Sartres, er að í fyrsta lagi gerir vera meðvitundar minnar það að verkum að ég er nú þegar búin að neita staðveru minni og því er vera mín nauðsynlega á milli tveggja valkosta, og í öðru lagi að skipting kynjanna á sitthvort salernið er mannverunni ekki fyrirfram gefin staðreynd heldur stöðugt viðhald ákveðinna gilda, sem felur þar með ávallt í sér möguleikann á að yfirstíga þau. Ég uppgötva því óstöðugleika tilveru minnar í heiminum og frelsið til að ákveða hvað ég vilji gera í aðstæðunum.

Vegna flóttu undan frelsi mínu í aðstæðunum hefði Sartre talið mig seka um óheilindi. Ég gat ekki leitað réttlætningar veru minnar hjá mér sjálfri því ég leitaði til þess sem spurði. „Óheilindin eru auðvitað ósannindi,“²⁰ og í staðinn fyrir að beina möguleika neitunarinnar út á við beinir maðurinn henni inn á við, og því skýrari sem sannleikurinn er því dýpri verður feluleikurinn.²¹ Við getum því ómögulega, samkvæmt Sartre, neitað því að við vitum af frelsi okkar.

Sé tilveran í rauninni upphaflegri en eðlið, þá er ekki unnt að skýra neitt með tilvísun til óbreytanlegs manneðlis sem væri gefið fyrirfram; með öðrum orðum, það er ekkert löggengi, maðurinn er frjáls, maðurinn er frelsi.²²

Eðlið kemur þannig á eftir því sem við ætlum okkur og gerum. Staðveran mótast út frá athöfnum okkar, við spyrjum fólk ekki hvað það *er* heldur hvað það *gerir*, það svarar með útkomunni úr vali athafna sinna; ég er lögfræðingur, skógarhöggismaður, húsmóðir; það sem ég hef gert úr mér. Maðurinn er því ekkert nema heild athafna sinna: „Einstaklingurinn tekst á við líf sitt, malar sína eigin mynd og utan þeirrar myndar er ekkert.“²³ Ekki einu sinni Guð. Hið góða er ekki hugsað fyrirfram af neinni fullkominni vitund; það stóð hvergi, áður en maðurinn kom til, hvað væri rétt eða hvað rangt, „vegna þess að vettvangur okkar er eingöngu vettvangur manna.“²⁴

Við eigum okkur því engar réttlætningar eða afsakanir, hvorki að baki okkur né fyrir framan okkur á uppljómuðu sviði hinna eilífu gilda. Við erum ein, án afsakana. Það er þetta sem ég á við þegar ég segi að maðurinn sé dæmdur til að

²⁰ Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, 82.

²¹ Priest, *Jean-Paul Sartre: Basic Writings*, kaflinn „Bad faith“.

²² Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, 60.

²³ Sama rit, 71.

²⁴ Sama rit, 60.

vera frjáls. Dæmdur vegna þess að hann skapaði sig ekki sjálfur en er samt frjáls, vegna þess að frá þeirri stundu sem honum er varpað inn í veröldina ber hann ábyrgð á öllu því sem hann gerir.²⁵

Eina leiðin fyrir okkur til að komast uppúr óheilindunum og lifa eiginlegu lífi hlýtur því að vera, samkvæmt Sartre, að lifa eftir því eina sem veru okkar er gefið; frelsinu.

Þessi dramatíska mynd sem Sartre dregur upp af manninum hafði nokkuð fyrirsjáanlegar afleiðingar, enda reyndi hann eftir bestu getu að útskýra það sem líklegast yrði misskilningi að bráð. En vandamálið við vinsældir og útbreiðslu tilvistarstefnu hans, sérstaklega eftir útgáfu *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, er að margir litu ekki á heimspeki hans útfrá heildargrunni hugmynda hans. Það er því kannski skiljanlegt að mörgum hafi blöskrað fullyrðingar hans á borð við að maðurinn hafi ekkert óbreytanlegt manneðli sem skýra mætti hegðun hans með, að við séum ekkert annað en það sem við gerum úr okkur, hvað þá að upphaflega sé manneskjan ekkert. Stefnan var því sökuð um svartsýni á mannlega tilveru og hreina siðferðislega sjálfshyggju.²⁶ En misskilning þennan var Sartre mikið í mun að leiðrétta.

4 Gagnrýni og siðfræðileg mótun

Með óheilindahugtakinu og tvískiptingu verunnar hafði Sartre tekist að fá upp á móti sér vinstrimenn og jafnframt ögrað fræðimönnum með opinberun sinni á frelsi mannvrunnar. Við blasti siðleysi og óregla. Eða þannig skildu það margir. Þrátt fyrir að búast við neikvæðum móttökum komu þær Sartre að öllum líkindum á óvart að vissu leyti, sérstaklega þar sem margt af því fólki sem hann leit á sem samherja sína lagðist gegn heimspeki hans. Það skipti hann miklu máli að koma því til dæmis á framfæri að heimspeki hans stangaðist allavega ekki á við hugmynd marxista um skilyrðingu mannsins út frá efnahagslegum aðstæðum, enda var Sartre sjálfur „maður fólksins“ og einn stofnenda tímaritsins *Les temps modernes* sem hafði einmitt það að markmiði að styðja vinstrimenn í félagslegri og efnahagslegri baráttu.²⁷ Ætlun Sartres var svo sannarlega ekki heldur að draga úr mikilvægi siðferðisins, heldur að styrkja grunnstoð þess: ábyrgð einstaklingsins. Í þessum kafla fjalla ég um tilraun Sartres til

²⁵ Sama rit, 61.

²⁶ Siðferðileg sjálfshyggja er einnig það sem hefur verið kallað *sjálfðæmishyggja* á íslensku, sú skoðun að maður dæmir sjálfur hvað sé rétt og rangt.

²⁷ Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, 124-125.

að leiðréttu það sem hann taldi misskilning á hugmyndum sínum og hvernig, eftir misheppnaða tilraun hans, Beauvoir veitti stefnunni þann siðferðislega stuðning sem stefnuna þótti vanta.

4.1 Bölsýni eða kröfuhörð bjartsýni?

Eins og áður sagði beindist ein helsta gagnrýnin á tilvistarstefnu Sartres að siðleysi stefnunnar sem fólst í hreinni siðferðislegri sjálfshyggju (aðskilnaði mannsins frá félagslegu umhverfi sínu). Klassískt dæmi um slíkt er gagnrýni Alisdairs MacIntyre í bók sinni *After Virtue* (1981) þar sem hann heldur því fram að tilvistarstefnan og Sartre aðgreini sjálfíð í einu og öllu frá félagslegu umhverfi sínu og hlutverkum.²⁸ Sartre hefði örugglega byrjað á að minna okkur á veggj óheilindanna áður en hann hefði tekið til við að svara þessari gagnrýni. „Það eru sannarlega margar ráðstafanir gerðar til að festa manninn í því sem hann er, eins og við lifum í endalausum ótta við að hann gæti flúið frá því, að hann gæti losnað og allt í einu sloppið undan skilyrðum sínum.“²⁹ Sartre benti á að það væru óheilindi að sinna félagslegu hlutverki af alvörugefni, „látbragð“ af þessu tagi er í rauninni sami feluleikur og að beina neitun meðvitundarinnar inn á við og leyna sig frelsi sínu. Áhyggjur MacIntyre eru hins vegar réttmætar í nafni siðferðisins, en ætlun Sartres með skilgreiningunni á óheilindinum var samt sem áður, eins og ég nefndi að ofan, einmitt að styrkja stoðir þeirra gilda sem eru við lýði hverju sinni. Með því á hann að sjálfsögðu við að gildin séu fyrirfram vilji okkar, en ekki fyrirfram skilgreind kvöð. Ef tilveran er upphaflegri en eðlið hlýtur annar hugsunarháttur að tilheyra óheilindunum. Misskilningur MacIntyre er aftur á móti sá að „sjálfíð“ eða meðvitundin í heimspeki Sartres er eins og við vitum nauðsynlega háð handanverunni; upplýsingum frá ytri heiminum og þar með öðrum mönnum. „Hreinni meðvitund, sem gefin er fyrirfram, mistekst ekki aðeins að yfirstíga sjálfa sig á vit hins hlutlæga; „hrein“ meðvitund hverfur.“³⁰

Sartre gerir þó greinarmun á félagslegum hlutverkum og svo hlutskipti manna. Hann aðgreindi manninn ekki frá fyrirfram ákvörðuðum takmörkunum sínum eins og til dæmis þeim að vera blindur eða fæðast í fátækt, heldur skipti fyrst og fremst máli hvernig maðurinn bregðist við þessu hlutskipti sínu, með öðrum orðum, hvernig við

²⁸ MacIntyre, Alasdair. *After virtue* (A&C Black, 2013), 32.

²⁹ Priest, *Jean-Paul Sartre: Basic Writings*, 219.

³⁰ Sama rit, 87. Tilvitnun í *Veru og neind* eftir Sartre. Þýðing er mín.

yfirstígum staðveru okkar. Það að einhver sé fæddur í fátækt er í huga Sartres sannarlega raunveruleiki þess fátæka, og meira að segja staðreynd því það tilheyrir staðveru hans. Það er hins vegar undir honum komið hvernig hann ákveður að bregðast við þessu hlutskipti sínu. Hann segir að takmarkanir okkar séu því í senn hlutlægar og huglægar: „Þær eru hlutlægar vegna þess að þær fyrirfinnast alls staðar og blasa hvarvetna við; þær eru huglægar vegna þess að þær eru upplifaðar og eru ekki til staðar [upplifi] maðurinn þær ekki“.³¹ Hlutskiptið er því augljóslega til staðar en ekki algilt mannlegt eðli. Sá einn er því sekur um óheilindi sem í hug- og aðgerðaleysi segist ekki geta yfirstigið aðstæður sínar í nafni *frelsisins*, því eins og Sartre segir er frelsið eina tilvera mannsins; það sem gerir mannum kleift að vera til í heiminum, en ekki bara vera. Gagnrýni á stefnuna um hreina sjálfshyggju gengur þannig allavega ekki upp, því hún myndi þýða það að maðurinn væri – þvert á hugmynd Sartres – meðvitundin ein. Sartre hafði einmitt gagnrýnt Husserl í *Handanveru sjálfsins* (1936) fyrir hugmynd hans um innra sjálf sem óumflýjanlega huglæga uppsprettu möguleika meðvitundarinnar á eigin reynslu á hlutunum. Frá sjónarhorni fyrirbærafræðinnar gengi það hins vegar ekki upp því fyrirbærafræðin snerist aðeins um það sem *birtist* meðvitundinni.³²

T. Storm Heter nefnir í grein sinni „Authenticity and Others: Sartre’s Ethics of Recognition“ að þó að flestir fræðimenn taki mið af hinu hlutlæga í heimspeki Sartres séu þeir þó of fljótir að loka á merki um fyrirbyggjandi afstöðu Sartres gagnvart siðferðislegri sjálfshyggju, þ.e. hegelísk áhrif heimspeki hans hvað það varðar hvernig við erum félagslega háð hvert öðru.³³ Það að við séum félagslega háð innbyrðis er í rauninni það sem lætur óheilindin „ganga upp“. Í heimspeki Sartres erum við nefnilega ekki „góð“ eða „vond“ nema fyrir tilvist *hins*, og það er þannig sem við uppgötva sannindi um okkur sjálf.³⁴ Með hollustu okkar við gildin, sem hlýtur að stafa af samvistum okkar við aðra menn, erum við í fyrsta lagi ekki að fylgja fyrirframgefnum reglum veru-í-sér því hún hefur enga rétta eða ranga eiginleika. Af þessu leiðir því að við hljótum sjálf – hvert og eitt okkar – að vera skapari

³¹ Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, 76.

³² Priest, *Jean-Paul Sartre: Basic Writings*, 11.

³³ T. Storm Heter, „Authenticity and Others: Sartre’s Ethics of Recognition“, *Sartre Studies International* 12, nr. 2 (2006): 17-43.

³⁴ Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, 75.

hugmyndarinnar um „rétt“ og „rangt“, því eins og ég nefndi í kafla 3.2 hefur meðvitundin ein þann möguleika, og við sköpum því gildin á hverju augnabliki með ákvörðunum okkar og athöfnum. Af þeim ástæðum finnum við fyrir ábyrgðinni sem við berum á því að vera mannkyninu til fyrirmyndar, því við komumst ekki hjá því að vera meðvituð um ákvarðanir okkar og val á athöfnum – valið segir sig ekki sjálft. Við höfum því heiminn í höndum okkar á hverju augnabliki og neyðumst til að velja. „Af þessu má ljóst vera að okkur er í rauninni ekki álasað fyrir bölsýni heldur fyrir kröfuharða bjartsýni.“³⁵ Það er því einnig óréttlát ásökun að mati Sartres að vegna álags aðstæðnanna sem maðurinn finnur sig í sé stefnan að „bjóða fólki að lifa í aðgerðaleysi örvæntingarinnar“³⁶ því með aðgerðaleysi er maður að *velja* aðgerðaleysi. Það vill til dæmis enginn hafa það á samviskunni „að hafa staðið aðgerðalaus hjá“ þegar aðgerða var þörf, og þar sem maðurinn hefur nú uppgötvað eigin ábyrgð á aðstæðum sínum ætti hann að vilja gera það sem honum finnst réttast í stöðunni. Upphafsreitur stefnunnar er vissulega byggður á sjálfshyggju, en þá aðeins í þeim skilningi að maðurinn kjósi sjálfan sig fyrst og viðurkenni sjálfan sig sem skapara og stoð gildanna, sem þar með skuldbindur hann við alla menn.

Fyrsta verk tilvistarstefnunnar er [...] að eigna hverjum manni það sem hann er og gera hann fyllilega ábyrgan fyrir tilveru sinni. Og þegar við segjum manninn bera ábyrgð á sjálfum sér, þá eigum við ekki við hann sé eingöngu ábyrgur fyrir sjálfum sér, heldur að hann beri ábyrgð á öllum mönnum.³⁷

Það sem Sartre gerði hins vegar ekki fyllilega grein fyrir í heimspeki sinni er af hverju maðurinn ætti að vilja gera vel við aðra menn. Umræða hans um óheilindi ber þess vissulega merki að hann telji manninn ekki vilja brjóta reglurnar heldur gera það sem þykir rétt, en sú ástæða virðist vera eini grunnurinn fyrir siðferðislegum kenndum mannsins í skrifum hans. Hvernig sem Sartre reyndi að réttlæta siðferði tilvistarstefnunnar féll rökstuðningur hans því að mestu í grýtta jörð með þeim afleiðingum að Sartre fór að iðrast þess að hafa gefið út textann *Tilvistarstefnan er mannhyggja*.³⁸

³⁵ Sama rit, 71.

³⁶ Sama rit, 47.

³⁷ Sama rit, 54.

³⁸ Sama rit, 128.

4.2 Beauvoir kemur til bjargar

Tveimur árum fyrir útgáfu *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, eða árið 1944, hafði franskur heimspekingurinn Simone de Beauvoir, sem einnig var lífsförunautur Sartres, gefið út heimspekiverkið *Pyrrhos og Kíneas* sem talið er hafa verið fyrsta tilraun tilvistarspekings til að ljá stefnunni siðfræði.³⁹ Þar gerði Beauvoir frelsi hins að markmiði mannsins, en með því náði hún að slá tvær flugur í einu höggi; hún gaf mannum tilgang og ljáði tilvistarstefnunni siðfræði. „Aðeins hinn getur skapað þörf úr því sem við gefum honum. Allar kröfur og þarfir stafa af frelsi hans. Aðeins frelsi hins getur gert veru mína nauðsynlega. Grunnþörf mín er því að hafa fjálsa menn fyrir framan mig.“⁴⁰ Hinn þarfnast mín og ég þarfnast hins. Með athöfnum mínum og ákvörðunum bý ég til aðstæður hins og er þar af leiðandi staðvera hans, og öfugt. Það sem við verðum hins vegar að gæta að, til að falla ekki í gryfju óheilindanna, er að líta ekki á okkur *sjálf* sem staðveru; við erum aðeins staðvera í augum hins, en handanvera fyrir okkur sjálfum. Óheilindin í heimspeki Beauvoir stafa einmitt meðal annars af því að við viljum vera fylling fyrir hinum, en ekki þessi skortur sem við þurfum stöðugt að yfirstíga. Beauvoir nefnir að vísu óheilindin aldrei beint í *Pyrrhos og Kíneas* en hún talar um það sem hún kallar *sjálfsförn*, sem felur í sér svipaða sjálfsblekkingu og óheilindahugtak Sartres; „sjálfsfórinn birtist fyrst og fremst sem algjör uppgjöf í þágu hins.“⁴¹ Beauvoir vísar í því samhengi til hinnar klassísku greiningar á húsbónda og þræl (sem Sartre hafði einnig notað) hjá áhrifavaldi sínum Hegel:

Húsbóndinn er svangur og þyrstur, tryggur þræll vill aðeins vera kvöldverðurinn sem hann undirbýr og vatnsglasið sem hann færir húsbónda sínum til að seðja hungur hans og þorsta, hann gerir úr sjálfum sér auðsveipt verkfæri. [...] Til þess að öðlast veru sína, vill þrællinn vera hlutur gegnt þeim sem höndlar veruna. Margir menn, konur enn fremur, vilja slíka hvíld: förnum okkur.⁴²

Það sem gerist hins vegar með sjálfsfórinni er að við höldum að með henni getum við réttlætt veru okkar með því að vera réttlætning fyrir veru hins.

³⁹ Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir, inngangur að *Pyrrhos og Kíneas* eftir Simone de Beauvoir, þýð.

Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2018), 13.

⁴⁰ Simone de Beauvoir, *Pyrrhos og Kíneas*, þýð. Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2018), 124.

⁴¹ Sama rit, 100.

⁴² Sama rit, 99.

„Grundvallarmistökinn við sjálfstjórnina er[u] að með henni er litið á hinn sem hlut sem geymir innra með sér tómt sem hægt er að fylla“,⁴³ en þar sem hinn er handanvera yfirstígur hann staðveru sína og þar með þær aðstæður sem við sköpum fyrir hann jafnóðum. Það eina sem við getum vonað er því að hinn noti þau verkfæri sem við veitum honum til að yfirstíga aðstæður sínar í átt að þeirri framtíð sem hann vill eiga, sem þýðir að við verðum að vanda verkin því framtíð hins verða framtíðaraðstæður okkar sjálfra líka. Án mín eru engin gildi fyrir hinum og því hlýt ég að vilja taka réttláta ákvörðun. „Ég óska þess að hinn viðurkenni athafnir mínar sem góðar og gildar, tengi þær sínum eigin hag með því að taka þær með sér inní framtíðina.“⁴⁴ Við getum því aldrei skapað neitt fyrir hinn nema upphafsreit og finnum okkur þar af leiðandi alltaf í sömu stöðu og við sköpum fyrir hinn – þá stöðu sem hann hefur á móti skapað fyrir okkur – sem skort sem við með frelsi okkar verðum sjálf í sífellu að yfirstíga til að geta veitt okkur sjálfum fullnægju. Á meðan við erum meðvituð fáum við aldrei þessa hvíld.

Beauvoir og Sartre lásu mikið yfir og gagnrýndu skrif hvors annars á meðan á þeim stóð. Áhrifa gætti því í verkum þeirra frá hvort öðru, en Sartre tók gjarnan sjónarhorn *hins* eftir hugmyndum Beauvoir á meðan Beauvoir sagðist verða fyrir heimspekilegum áhrifum frá Sartre.⁴⁵ Þau kynntust árið 1924 í École Normale Supérieure, virtustu menntastofnun Frakka, við undirbúning fyrir samkeppnisprófið til að fá stöðu menntaskólakennara. En þó að Beauvoir hafi fengið að sitja tíma fékk hún ekki formlega inngöngu vegna kynferðis síns, en náði næsthæstu einkunn á prófinu eftir Sartre sem var þá að taka prófið í annað sinn.⁴⁶ Eins og sést var staða kvenna á þessum tíma afar bágborin miðað við stöðu kvenna í dag. Með færni sinni og reynslu af kúgun kvenna sem einkenndi stöðu þeirra á þessum tíma sameinaði Beauvoir tilvistarheimspekina og samskipti kynjanna í því sem síðar varð hennar frægasta verk, *Hitt kynið* (1949). Þar lýsir Beauvoir hvernig konum hefur verið haldið niðri í samfélaginu vegna líffræðilegrar aðgreiningar kynjanna sem gerð hefur verið að félagslegri staðreynd. Það sem gerir hugmyndir Beauvoir samt frábrugðnar öðrum

⁴³ Sama rit, 110.

⁴⁴ Sama rit, 141.

⁴⁵ Margaret A. Simons, *Beauvoir and the Second Sex: Feminism, Race, and the Origins of Existentialism* (Maryland: Rowman & Littlefield Publishers, Inc., 1999), kafli 3.

⁴⁶ Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir, inngangur að *Pyrrhos og Kíneas*, 10.

feminískum hugmyndum er að hún telur karlmanninn ekki einan um að viðhalda þessari stöðu heldur birtast óheilindin hjá báðum kynjum. Sjálfsfórinni og óheilindunum í samskiptum kynjanna í *Hinu kyninu* verður lýst í næsta kafla.

5 Hitt kynið

Hvernig kom það til að karlmaðurinn er fyrsta sjónarhorn mannglegrar tilvistar en kvenmaðurinn er „hinn“? „Enginn hópur skilgreinir sig nokkurn tíma sem heild nema andspænis hinum.“⁴⁷ Það er því eðlilegt að karlmenn skilgreini sig gagnvart konum og öfugt, en samkvæmt Beauvoir er raunveruleikinn sá að konur eru almennt séðar frá karllæga sjónarhorninu; sem hinn. Mannkynið er ekki lengur tegund í náttúrunni heldur „söguleg verðandi“ sem skilgreinir sig út frá náttúrulegum staðreyndum,⁴⁸ en vandamálið er að við höfum yfirfært þá náttúrulegu staðreynd sem einkennir yfirburði líkamlegs styrks karlmannsins á yfirburði hans *almenn*. Í *Hinu kyninu* kryfjar Beauvoir til mergjar líffræðilegar, sögulegar og félagslegar ástæður bágrar stöðu konunnar á hennar tíma, og hvernig óheilindi beggja kynja verða til þess að þessi endalausí rígur á milli þeirra leysist aldrei.

5.1 Fórn konunnar

Þær aðstæður sem voru konum gefnar á þeim tíma sem Beauvoir skrifaði *Hitt kynið* urðu ekki til á einni nóttu heldur voru þær afurð langrar sögulegrar þróunar. Vegna vöðvastæltis líkama og stærðar karlmannsins og takmarkana kvenmannsins sem fólst í móðurhlutverkinu sá karlmaðurinn áður um að „fara út úr húsi“ og veiða til matar. Þúsundum ára síðar, á 20. öldinni, þegar ekki þurfti lengur vöðvastæltan karlmann til að halda sér nærðum heldur frelsi og sjálfstæði, hafði hlutverkaskiptingin samt ekki mikið breyst. Það má segja að allt sem tengdist þróun mannkynsins – skólaganga, atvinnumöguleikar, lagasetning og ýmis félagsleg hlutverk, og meira að segja tungumálið – hafði verið mótað að karllægum sjónarmiðum. Konur höfðu ennþá það hlutverk að halda heimili og sinna börnunum, en einnig að viðhalda ímynd kvenleikans sem hafði þróast í kringum stanslausu veru konunnar innan staðverunnar;

⁴⁷ Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, ensk þýðing: Constance Borde og Sheila Malovany-Chevallier (London: Vintage, 2011), 6. Þýðing er mín.

⁴⁸ Beauvoir, *The Second Sex*, 769.

ímynd þrúðmennsku og fegurðar. Með öðrum orðum: karlinn var handanveran og konan staðveran. Það er því staðreynd að konur voru körlum óæðri, þær fengu ekki aðeins færri tækifæri til að yfirstíga staðveru sína, heldur höfðu þær ekkert fordæmi til þess vegna langrar sögu kúgunar. Margir af helstu hugsuðum sögunnar, þar á meðal Hegel, gættu þess líka að meitla yfirburði karlmennskunar í stein á meðan þeir höfðu yfirhöndina: „Hegel taldi að kynin hlytu að vera frábrugðin hvort öðru: annað er hreyfing og hitt er stöðugleiki, og það segir sig sjálft að stöðugleikann fær kvenmaðurinn í sinn hlut.“⁴⁹ Stökkið frá barnsaldrinum yfir í sjálfráða einstakling er því drengjum eðlilegur gangur; aðstæðurnar og framtíðin er þeim í hag. Stelpan aftur á móti, eins og fiskur á þurru landi, lendir sífellt á skjön við uppeldið og gildin og fer þar af leiðandi í staðinn þá lífsleið þar sem tilvera hennar hefur viðurkennt gildi; leið staðverunnar.

Konan gerir sér samt grein fyrir frelsinu sem hún segir skilið við. Vitandi af áhættunni sem fylgir því að lifa lífinu sem heill einstaklingur – stað- og handanvera – og stöðug afneitun vægðarlauss frelsis síns sem kúguninni fylgir, tekur hún málin í sínar hendur og gefur sig kvenleikanum á vald, þess sem hún telur kvenlegt eðli sitt. Konan fellur því í gryfju óheilindanna og veitir sér hvíld með því að gefa veru sinni hlutlægt gildi:

[Þ]egar einstaklingi eða hópi einstaklinga er haldið í óæðri stöðu er sannleikurinn sá að hann eða þeir *eru* óæðri. En umfang sagnarinnar *að vera* verður að skiljast; óheilindin þýða að við gefum henni hlutlægt gildi, þegar hún í rauninni felur í sér hegélísku gagnverkunina: *að vera* er að vera orðinn, að hafa verið gerður eins og maður birtist öðrum.⁵⁰

Eins og ég talaði um í kafla 3.2 eru óheilindin það sama og að fela sannleikann fyrir sjálfum sér. Með því að neita getunni til að yfirstíga stöðu sína hlýtur konan því að lifa í sjálfsblekkingu, því vegna samspils meðvitundar okkar og neindarinnar komumst við ekki hjá því að yfirstíga staðveru okkar. Óæðri staða hennar í samfélaginu er ekki óbreytanleg náttúruleg staðreynd heldur félagsleg, sem var mannlegri tilvist ekki fyrirfram gefin. Það þýðir að óæðri staða hennar hefur orðið, og allt sem getur orðið getur verið yfirstigið. Konan getur þar af leiðandi ekki verið neitt annað en það sem hún verður, því vera hennar eins og vera karlmannsins – vera

⁴⁹ Sama rit, 25. Þýðing er mín.

⁵⁰ Sama rit, 13. Þýðing er mín.

meðvitundarinnar – er verðandi. Vera konunnar, eins og Sartre hefði orðað það, er það sem hún er ekki og er ekki það sem hún er.

Óheilindi kvenna birtast samkvæmt Beauvoir í ýmsum myndum, en heilu kaflarnir í *Hinu kyninu* eru tileinkaðir ýmsum myndum þeirra, þar á meðal „Gifta konan,“ „Móðirin,“ „Vændiskonan og lagskonan,“ „Sú dularfulla“; allt eftir því hvernig konan leitast við að yfirstíga sjálfa sig án þess að yfirgefa staðveruna. Gifta konan og móðirin gefa sig til dæmis alla félagslegum hlutverkum sínum, sem birtast í sjálfsfórinni sem Beauvoir kynnti í *Pyrrhos og Kíneas*, en þannig leitast konan við að öðlast veru sína með því að gera sig að ómissandi hlut gagnvart fjölskyldunni sem höndlar veruna. En eftir að hafa gefið sjálfa sig á vald eiginmannsins og börnin hafa yfirgefið heimilið, áttar hún sig á því að heimilislífið verndar hana ekki lengur frá tómu frelsinu og hún upplifir sig eina og yfirgefna,⁵¹ því hana sem staðveru er hinum gert að yfirstíga. Til að koma í veg fyrir þessa slæmu ímynd sem hún setur börnum sínum er konan þó farin að sækja í starfsemi utan heimilisins í auknum mæli. Hvort samfélagið samþykki þær breytingar er hins vegar annað mál.

5.2 Hinar óleysanlegu erjur

„Sjálfstæða konan“ í samnefndum kafla lætur aðstæður sínar ekki stöðva sig. Hún vill lifa eins og maðurinn, frjáls og óháð, og sjá um sig sjálf. En með skyndilegri framsækni kvenna er karlmennskunni ógnað, „[k]ona sem ekki hræðist karlmenn hræðir þá,⁵²“ og þar með hafna karlmenn tilraunum hennar til að gerast jafningi þeirra. En með því afhenda þeir konunni hins vegar vopn óheilindanna sem hún var tilbúin að láta af hendi. Sökum þess mótlætis sem raunverulegar aðstæður hennar bjóða uppá á hún kvenleika sínum enn samastað og leitar fyrir vikið – á milli þess sem hún krefst jafnréttis – skjóls í því sem henni er hampað fyrir; kynþokka sínum og heimilishaldi. Til að fá sínu framgengt tælir hún því með kvenleika sínum og undirgefni manninn aftur til sín og telur að með töfrum sínum hafi hún þannig fengið hann á sitt vald. En eins og Beauvoir bendir á setur hún sig með því aðeins í þá hættu að vera gerð með yfirvofandi lítilsvirðingu karlsins að stöðnuðum og tilgangslausum hlut.⁵³

⁵¹ Sama rit, 531.

⁵² Sama rit, 745-746.

⁵³ Sama rit, 746.

„Sjálfstæða konan“ þykist því geta lifað lífi mannsins og konunnar, en þetta athæfi sendir karlmönnum óskýr skilaboð og slekkur fyrir vikið allan þann neista sem þurfti til að ná fram jafnrétti. „[H]ún lítur á sjálfa sig sem bæði *sjálf* og *hinn*, sem er mótsögn með óheppilegar afleiðingar.“⁵⁴ En þegar upp er staðið, og eftir allar mögulegar leiðir konunnar – heilbrigðar sem og óheilbrigðar – til að fá að vera viðurkennd sem jafningi karlsins, virðist karlinn hins vegar sáttur með þá stöðu sem hann hefur gagnvart konunni og neitar eftir allt saman að gefa henni tækifærin sem hún þarf á að halda til að öðlast veru sína á ný. En það sem maðurinn gerir sér ekki grein fyrir, samkvæmt Beauvoir, er að hann er sjálfur að setja frelsi sínu fjötra, því karlmennskan er háð skertu frelsi konunnar. Þar sem konan, í skilningi tilvistarstefnunnar, er frelsið eitt, þarf maðurinn stanslaust að hafa fyrir því að halda því í skefjum. Hann þarf að finna konunni aðrar leiðir til að yfirstíga sjálfa sig til að halda henni góðri, þannig að hún krefjist hvorki né öðlist sömu tækifæri og hann. „Hvílík áreynsla að byggja upp ímynd þar sem hann er alltaf í hættu!“⁵⁵ Maðurinn setur því mark sitt í erjum þeirra á veikasta hlekk konunnar; líkamann.

Beauvoir neitar sannarlega ekki líkamlegum höftum konunnar eða yfirburðum líkamlegs eðlis karlkynsins; konan mun alltaf þurfa að vera það kyn sem gengur með barnið og höndla þarf aukaverkanir þess, og hún talar meira að segja um að fyrir utan óstöðugleika, stjórnleysi og viðkvæmni konunnar þá hafi hún færri rauð blóðkorn og hlaupi hægar en karlinn.⁵⁶ En vegna þessa orkufreka líkama konunnar tekur karlmaðurinn á meðan til sín það sem hann telur vera umfram nauðsynlegt frelsi konunnar. Karlmennskan og kvenleikinn enda þannig í öfgum sitthvorrar verunnar, og karlinn og konan í aðstæðum sem þau þykjast hvorugt geta yfirstigið. Rétt eins og óörugg konan vill ekki gefa kvenleikann uppá bátinn fyrr en karlinn hefur rétt henni spilin sem henni tilheyra, lendir hann í sömu valkreppu; karlmennskan hefur verið öryggi hans og samastaður frá æsku og með því að rétta út hendina óttast hann að vera dreginn niður í þann raunveruleika sem hann telur aðeins tilheyra konunni. Kynin eru þar af leiðandi hvort um sig ábyrg fyrir því að viðhalda þessum aðstæðum, og það vottar fyrir gremju í skrifum Beauvoir þegar þau reyna að kenna hvort öðru um eigin óhamingju; „það sem maðurinn og konan hata við hvort annað er sláandi brigðulleiki

⁵⁴ Sama rit, 771.

⁵⁵ Sama rit, 772. Þýðing er mín.

⁵⁶ Sama rit, 46.

þeirra eigin óheilinda eða þeirra eigin hugleysis.⁵⁷ Hvort kynið um sig yfirfærir á hitt þann hluta veru sinnar sem það afneitar, og kennir því svo um að halda honum frá sér. Við sjáum því að grunnur vandamálsins liggur fyrst og fremst í eigin afneitun en ekki utanaðkomandi takmörkunum. Það þarf að skilja uppruna vandans og leysa, áður en breytingar geta átt sér stað. Karlinn og konan þurfa því fyrst að átta sig á óheilindum sínum og viðurkenna hvort annað sem bæði stað- og handanveru áður en jafnrétti verður náð.

5.3 Viðtökur og áhrif *Hins kynsins*

Fyrsta bylgja femínismans, um miðja 19. öld, hafði í för með sér breytingar á lagalegum réttindum kvenna, meðal annars réttinn til að kjósa. En þau réttindi virðast aðeins hafa haft yfirborðskenndar afleiðingar. „Jafnvel þó að réttindi [konunnar] séu viðurkennd á óhlutbundinn hátt, kemur langvarandi vani í veg fyrir að þau festist í sessi.“⁵⁸ En Beauvoir veitti útskýringar á þessu. Vegna ítarlegrar rannsóknar hennar á stöðu kvenna í *Hinu kyninu* er verkið talið hafa átt stóran hlut í að hrinda af stað annarri bylgju femínismans sem hófst í Bandaríkjunum á 7. áratug síðustu aldar, en hún fólst einmitt í kröfu kvenna um aukið persónulegt frelsi, og fékk *Hitt kynið* titilinn „Biblía“ femínista í þeirri baráttu. En eins og með vinsældir annarra fræðilegra doðranta og meistaraverka eins og til dæmis *Veru og neindar*, voru ýmsar fullyrðingar *Hins kynsins* teknar úr samhengi og bókin í heild sinni sjaldnar lesin.⁵⁹ Fullyrðingar þar sem Beauvoir rífur kvenleikann í sig, eins og „[m]aður fæðist ekki kona, heldur verður kona,⁶⁰“ og almennt að skilningur okkar á eðli konunnar sé mýta (en hún nefnir einmitt þriðja hluta *Hins kynsins* „Mýtur“), hafði þær kunnuglegu afleiðingar að Beauvoir var af mörgum frekar talin, þvert á ætlunarverk sitt, draga úr samstöðu kvenna og þeirri sterku ímynd konunnar sem femínistar voru að reyna að draga fram. Hún var sögð vanvirða líkama kvenna og talin vilja draga konur út úr því sem hún taldi aumkunarverðan veruleika þeirra yfir í veruleika karlmannna.

Margaret A. Simons tekur fram í bók sinni *Beauvoir and The Second Sex: Feminism, Race, and the Origins of Existentialism* (1999) að henni finnist Beauvoir

⁵⁷ Sama rit, „Conclusion“, 772. Þýðing er mín.

⁵⁸ Sama rit, „Introduction“, 9-10.

⁵⁹ Sonia Kruks, „Beauvoir’s Time/Our Time: The Renaissance in Simone de Beauvoir Studies.“ *Feminist Studies* 31, nr. 2 (2005): 286.

⁶⁰ Beauvoir, *The Second Sex*, 293.

einmitt of karllæg í hugsun, og að í staðinn fyrir að reyna að lifa eins og karlmaðurinn myndum við (þó að hún tali um kvenkyns fagmann í eftirfarandi dæmi) gera öllum greiða með því að viðurkenna veikleika okkar:

[K]ona í fagmannssöðu óttast, eins og Beauvoir lýsti því, að um leið og hún viðurkennir vanmátt sinn gæti það gerst að hún varpi öllu sjálfi sínu yfir á Hinn. En mín reynsla segir mér að einungis með því að konan viðurkenni tilfinningar sínar hvað varðar vanmátt sinn og það að vera öðrum háð geti hún tekið sjálfa sig í sátt, verið móttækileg gagnvart öðrum og verið meðvituð um þarfir þeirra.⁶¹

Að mínum skilningi voru þetta hins vegar einmitt þau skilaboð sem Beauvoir sendi frá sér með *Hinu kyninu*. Það er til dæmis aðeins í gegnum sjálfsmynd stelpunnar, hvernig hún sér sjálfa sig frá viðvarandi karllægu sjónarhorni veruleikans, sem kynþroskaskeið hennar og síðar öll starfsemi kvenlíkamans verður frávik frá hinu „eðlilega“, og það er það sem Beauvoir á við með lýsingu sinni meðal annars í kaflanum „Barnæska“ á upplifun stelpna á „ógeðfældum“ líkamsbreytingum sínum, og að því viðhorfi, eins og hún útskýrir í gengnum bókina, þurfi að breyta. Karllægum veruleika mannverunnar þurfi að breyta. Þessu verður hins vegar aðeins breytt, eins og ég nefndi í lok síðasta undirkafla, með því að viðurkenna bæði sjálfan sig og hitt kynið sem stað- og handanveru, sem felur í sér – auk viðurkenningu frelsis síns – að konur viðurkenni og sætti sig við líkamlegar takmarkanir. Beauvoir sendir líka skýr skilaboð hvað þetta varðar í inngangi *Hins kynsins* þegar hún útskýrir að það að hafna eilífum kvenleika sé ekki það sama og að hafna því að til séu konur. „Það er ljóst að engin kona getur, án óheilinda, þóst vera hafin yfir kynferði sitt.“⁶²

Það er þó erfitt að neita því að Beauvoir gerir í því að draga upp neikvæða mynd af líkama kvenna, og ýkir þjáningu konunnar af völdum hormónaflæðis sem sést vel í útskýringu hennar á tíðahring og meðgöngu kvenna í kaflanum „Líffræðileg gögn.“⁶³ Þetta fór sérstaklega fyrir brjóstið á nýrri stefnu femínisma sem fólst í kvenhyggju (e. gynocentrism) þar sem allt sem tengdist líkamlegu eðli kvenna var í hávegum haft, og var því *Hitt kynið* talið gamaldags í síauknum mæli.⁶⁴ En útfrá heimspekilegum grunni *Hins kynsins*, og þá á ég við tvíhyggju veru mannverunnar

⁶¹ Simons, *Beauvoir and The Second Sex*, 81. Þýðing er mín.

⁶² Simone de Beauvoir, „Hitt kynið – *Inngangur*“, þýð. Torfi H. Tulinius, *Simone de Beauvoir: heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, ritstj. Irma J. Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, (Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum: Háskólaútgáfan, 1999), 27.

⁶³ Beauvoir, *The Second Sex*, einkum bls. 40-43.

⁶⁴ Kruks, „Beauvoir’s Time/Our Time“, 288.

(kynjanna) – óaðgreinanlegar frjálssar meðvitundir en aðgreinanlegir líkamar – virðist skiljanlegt að hún ýki líkamlega veikleika konunnar (sem hún segir einmitt tilheyra náttúruvísindunum) og þau áhrif sem hann hefur á veru hennar, því þannig nær Beauvoir að lokum betur að sýna „hinum almenna lesanda“ fram á félagslegan óaðgreinanleika handanveru konunnar og karlsins.

Það var samt ekki bara boðskapur *Hins kynsins* sem hafði þessi víðfeðmu áhrif, heldur þótti Beauvoir með lífsákvörðunum sínum endurspegla raunveruleika þeirrar frjálssu fyrirmyndarkonu sem hún hvetur til í *Hinu kyninu*. En þó að Beauvoir hafi átt marga elskuhuga (af báðum kynjum), verið ógift og barnlaus, þýðir það ekki að í slíku hafi verið fólgin eina leiðin sem Beauvoir taldi mögulega, til að lifa eiginlegu lífi. Í viðtali sem Simons tók við Beauvoir og birt er í fyrrnefndri bók hennar, spyr hún Beauvoir hvernig konur, eftir áherslu sína á líkamlegar takmarkanir kvenna en með heimspekilegan grunn í viljahyggju (e. voluntarism) Sartres, geti haft val um aðstæður sínar. Beauvoir svarar því að maður geti haft mismunandi valkosti í tilteknum aðstæðum; vissulega hafi konan ákveðna líkamlega og félagslega reynslu sem móti aðstæður hennar, en hún geti ákveðið hvort hún vilji samþykkja þær eða flýja þær.⁶⁵ Hvað konan geri frá *þeim punkti* er hins vegar undir henni komið. Beauvoir valdi aðeins einn af mörgum möguleikum sem í boði voru.

5.4 Líf tilvistarsinnans

Bæði Beauvoir og Sartre lifðu svo sannarlega lífi tilvistarsinnans í sinni hreinustu mynd. Opið ástarsamband þeirra, uppsögn félagslegra viðtekinna hlutverka, trúleysi, tjáning þeirra í ræðu og riti í nafni frelsis og þátttaka þeirra í uppreisn gegn hvers kyns kúgun gerðu þau að einum frægustu heimspekingum 20. aldarinnar. Vegna frægðarinnar sem fylgdi útgáfu og vinsældum verka þeirra fundu þau einnig fyrir ábyrgðinni á þeim áhrifum sem verkin höfðu og mikilvægi þess að vera samkvæm sjálfum sér, en lífsákvörðanir þeirra, sem fylgdu í kjölfar útgáfu *Tilvistarstefnan er mannhyggja* og *Hins kynsins*, voru einmitt í samræmi við helstu gagnrýni verkanna; Beauvoir gerðist virkur femínisti og hélt áfram að skrifa og gefa út bækur og rit með jafnrétti kvenna í huga, og Sartre lagði franska kommúnistaflokki lið (sem hann gerðist þó aldrei meðlimur í) ásamt því að taka stefnubreytingu í skrifum sínum, en

⁶⁵ Simons, *Beauvoir and the Second Sex*, 56.

árið 1960 gaf hann út verkið *Gagnrýni díalektískrar skynsemi* þar sem hann tók meira til greina marxíska hugmyndafræði um áhrif þjóðfélagsins á áform einstaklingsins.

Árið 1964 hafnaði Sartre Nóbelsverðlaununum í bókmenntum, en hann sagðist alltaf hafna opinberum viðurkenningum af ótta við að verða of stofnanavæddur.⁶⁶

Beauvoir varð hins vegar fórnarlamb þess sem hún barðist gegn, fordóma gegn konum, og var oft aðeins talin vera fylgismaður heimspeki Sartres – hún var það að vísu að eigin sögn – þrátt fyrir heimspekilegan frumleika sinn. Henni voru þó veitt frönsku Prix Goncourt-bókmenntaverðlaunin fyrir verk sitt *Mandarínarnir* (1954).⁶⁷

Beauvoir og Sartre héldu vitsmunalegu og rómantísku sambandi sínu allt til fráfalls Sartres 15. apríl 1980, en við útför hans komu vinsældir hans bersýnilega í ljós þar sem tugir þúsunda manns söfnuðust saman og fylgdu honum til grafar. Beauvoir lést 6 árum síðar næstum uppá dag, 14. apríl 1986.

6 Niðurstaða

Þegar upp er staðið hafði Sartre einföld skilaboð til okkar: fyrst við erum meðvituð um ákvarðanir okkar þá berum við ábyrgð á þeim. Þau einföldu skilaboð fela aftur á móti í sér flóknari rök: vegna neitunarvalds meðvitundarinnar á staðverunni sem orsakar þann raunveruleika sem mannveran skynjar, og óstöðvandi flæðis handanverunnar sem neyðir hana þar með til að taka meðvitaða ákvörðun útfrá þeim möguleikum sem mannleg tilvist býður uppá, getur mannveran ekki neitað frelsinu sem felst í ákvörðunum sínum nema með óheilindum, og er þar með ávallt ábyrg fyrir sjálfri sér í stöðunni sem hún finnur sig í, í heiminum. Það er þetta sem Sartre á við þegar hann segir að einstaklingurinn sé ábyrgur fyrir stöðu sinni í heiminum. Athafnir okkar spretta þannig fyrst og fremst frá meðvitundinni, en ekki staðverunni. Sartre telur sig því ekki vera að boða neitt nýtt – hann er ekki að segja okkur að í staðinn fyrir að láta athafnir okkar stjórnast af staðverunni, ættum við frekar að stýra athöfnum okkar út frá meðvitundinni; við gerum það nú þegar. Það sem myndi hins

⁶⁶ „The Nobel Prize,“ Nobel Media AB 2020, sótt 29. apríl 2020, <https://www.nobelprize.org/prizes/literature/1964/sartre/documentary/>.

⁶⁷ Debra Bergoffen og Megan Burke, „Simone de Beauvoir“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 17. ágúst 2004, <https://plato.stanford.edu/entries/beauvoir/>, (skoðað 29. apríl 2020).

vegar breytast með því að lifa því eiginlega lífi sem Sartre og Beauvoir boða, er að í staðinn fyrir að fólk geri sig meðvitað að ómeðvituðum hlut og hengi sig á siðferðileg gildi sem stjórna ákvörðunum þeirra, þá myndi fólk frekar samræma aðstæðurnar og gildin og viðurkenna að það taki meðvitaða ákvörðun frá þeim punkti, sem þar með gerir fólk meðvitaðara um ábyrgð sína á þeirri stöðu sem það er í.

Heimspeki Sartres flokkast því kannski ekki undir hefðbundna siðfræði, en það er ekki þar með sagt að siðfræðileg kennismíð hennar sé úr sögunni. Í grein sinni „Negativistic Ethics in Sartre“ telur Patrick Engel að ástæðan fyrir því að Sartre náði ekki að verja heimspeki sína fyrir siðleysisdómum er að hann reyndi að réttlæta hana innan jákvæðrar siðfræði. Hann flokkar heimspeki Sartres hins vegar sem neikvæða siðfræði; það heimspekilega viðmót að bregðast við vanköntum samfélagsins. Hann segir vandamálið við hefðbundnu (jákvæðu) siðfræðina vera réttlætning siðferðilegra gilda hennar og þess blinda trausts sem við leggjum á þau, en það geti leitt til of ósveigjanlegra siðferðisgilda. Neikvæð siðfræði bendir hins vegar á ósamræmið á milli raunveruleika samfélagsins og hugmyndarinnar um þennan sama raunveruleika – félagslegar aðstæður hafa breyst og munu breytast með tímanum, og því nauðsynlegt að líta á aðstæðurnar eins og þær eru hverju sinni. Þar sem meðvitundin, samkvæmt Sartre, er neitun sem í sífellu yfirstígur aðstæður sínar, sem þar með gerir mannveruna sveigjanlegri gagnvart samræmingu gilda og aðstæðna samfélagsins, fellur heimspeki hans því vel innan ramma neikvæðrar siðfræði.⁶⁸

Dæmi um afleiðingar þess blinda trausts sem við leggjum á gildin sem undankomuleið frá eigin frelsi, er umdeildar rannsóknir Stanley Milgram á *hlýðni* fólks sem hann framkvæmdi 1961, meðal annars vegna áhyggja sinna af framkomu fólks gagnvart gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni, en þær sýna hversu mikilvægt það er fyrir manninn að vera meðvitaður um ábyrgð sína þrátt fyrir hollustu við félagsleg gildi sín. Milgram setti rannsóknina þannig fram að undir stjórn og með umsjón rannsóknarmanns í hvítum sloppi voru sjálfboðaliðar fengnir til að gefa öðrum sjálfboðaliðum raflost ef þeir svöruðu ákveðnum spurningum rangt. Það sem sjálfboðaliðarnir (rannsóknarefnið) vissu hins vegar ekki var að sjálfboðaliðarnir sem fengu raflostið voru leikarar sem í raun fengu ekkert raflost. Það sem er sláandi við þessa rannsókn er að 65% þátttakenda gáfu raflost allt upp í 450 volt sem myndu

⁶⁸ Patrick Engel, „Negativistic Ethics in Sartre,“ *Sartre Studies International* 19, nr. 1 (2013): 16-34, Sótt 29. apríl 2020.

valda miklum sársauka, þrátt fyrir óp leikaranna, bara vegna stjórnandans í hvíta sloppnum sem sagði þeim að hætta ekki. Milgram og rannsóknarteymi hans mátu það svo að þessi hlýðni spretti samt ekki af neinni mannvönsku heldur vanabundnum athöfnum okkar: „Illskan getur átt sér stað einfaldlega vegna þess að við spyrjum okkur sjálf ekki nóg út í athafnir okkar; í staðinn byggir rökvísi okkar á trausti okkar á fyrirmyndum yfirvaldsins sem „stjórna.““⁶⁹ Sem betur fer lendum við ekki daglega í svona óþægilegum aðstæðum, en þetta sýnir engu síður mikilvægi þess sem felst í ábyrgð einstaklingsins til að stöðva eða koma í veg fyrir aðstæður sem þessar, með því að festa sig ekki um of í þeim félagslegu hlutverkum sem honum þykja gefin.

Það jákvæða sem draga má frá kenningum Sartres og Beauvoir, sem þau reyndu að sýna fram á, er að með því að viðurkenna frelsi okkar og þá ábyrgð sem við berum á okkur sjálfum getum við komið í veg fyrir kúgandi eða skaðlegar aðstæður okkar sjálfra og annarra, sem geta – eins og Beauvoir sýndi til dæmis fram á varðandi misrétti kvenna – skapast með óheilindunum. „Þannig getur maðurinn aðhafst, hann verður að aðhafast því hann er aðeins með því að yfirstíga sig. Hann aðhefst í áhættunni, í ósigrinum.“⁷⁰

7 Lokaorð

Hafa ber í huga að verk Sartres og Beauvoir hafa verið túlkuð útfrá mörgum mismunandi sjónarhornum. Markmið mitt í þessari ritgerð var að draga fram jákvæðar hliðar heimspeki þeirra, sem ég vona að hafi skilað sér á fullnægjandi hátt. En áður en ég lýk máli mínu finnst mér viðeigandi að tala um þær „fordæmalaus“ aðstæður sem í dag hafa skapast í samfélögum um heim allan, vegna COVID-19 faraldursins, í ljósi umfjöllunar minnar um óheilindin. Síaukin skaðleg áhrif loftslagsbreytinga vegna vaxandi kaupmættis, tæknilegrar þróunar og aukins hraða neylusamfélagsins, og þær takmarkanir sem maðurinn setur sér við að sporna gegn þeim, bera með sér óheilindi mannverunnar sem festir sig í hlutverki „neytandans“; í staðinn fyrir að líta í eigin barm og taka meðvitaðar ákvarðanir í samræmi við aðstæður sem við búum við hverju sinni horfir hann fyrst í kringum sig og tekur ákvarðanir útfrá „gefnum“ gildum

⁶⁹ Thomas Blass, *The man who shocked the world: The life and legacy of Stanley Milgram* (New York: Basic Books, 2004).

⁷⁰ Beauvoir, *Pyrrhos og Kíneas*, 147-148.

raunveruleika síns, neytlusamfélagsins. „Fyrst allir gera þetta þá get ég varla verið sú sem ber ábyrgðina!“ En svo gerist það að veirufaraldur herjar á heiminn og allt stöðvast, andrúmsloftið hreinsast, og ekki síst hugur manna. Samkvæmt óheilindakenningu Sartres birtist þetta ástand okkur sem sönnunargagn þess sem við höfum vísvitandi leynt okkur; meðvitundin um frelsið sem við höfum til að yfirstíga aðstæður okkar og ábyrgðin sem einstaklingurinn ber á umhverfi sínu. Þessi frelsissvipting meðvitundarinnar og ábyrgðaleyfi getum við þó lært af, en nú er ábyrgðin sett á hvert okkar við að sporna gegn frekari útbreiðslu veirunnar. Í viðtali í útvarpsþættinum *Lestinni* segir heimspekingurinn Sigríður Þorgeirsdóttir að með nýja slagorðinu „Ég hlýði Víði“ – hlýðni þeirra sóttvarnarreglna sem yfirlögregluþjónninn Víðir Reynisson setur okkur miðað við aðstæður hverju sinni – sé verið að grafa undan ábyrgðartilfinningu einstaklingsins. „Það er kannski eðlilegt andspænis þessari veiru, en þetta *Ég hlýði Víði*, ég kann ekki við þetta orðfæri. Það er á eigin ábyrgð að leggja eitthvað af mörkunum.“⁷¹ Í skilningi tilvistarstefnunnar er Sigríður ekki að halda því fram að við ættum ekki að hlýða Víði og gera frekar það sem okkur þykir hentugast, heldur að vera meðvituð um að þrátt fyrir boð og bönn yfirvalds er hver og einn ábyrgur fyrir gildi þeirra. Að gera gildin að fyrirfram ákvörðuðum sannleika grefur aðeins undan ábyrgðinni sem við berum á okkur sjálfum, sem á sama tíma gerir siðferði manna enn óstöðugara.

⁷¹ Júlía Margrét Einarsdóttir og Kristján Guðjónsson, „Kann ekki við slagorðið „Ég hlýði Víði“,“ *Rúv*, birt 16. apríl 2020, <https://www.ruv.is/frett/2020/04/16/kann-ekki-vid-slagordid-eg-hlydi-vidi>.

Heimildaskrá

- Beauvoir, Simone de. „Hitt kynið – Inngangur.“ Þýð. Torfi H. Tulinius. *Simone de Beauvoir: heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, ritstj. Irma J. Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 25-46. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum: Háskólaútgáfan, 1999.
- Beauvoir, Simone de. *Pyrrhos og Kíneas*. Þýð. Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2018.
- Beauvoir, Simone de. *The Second Sex*. Þýð. Constance Borde og Sheila Malovany-Chevallier. London: Vintage, 2011.
- Bergoffen, Debra og Burke, Megan. „Simone de Beauvoir“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 17. ágúst 2004 (skoðað 29. apríl 2020).
- Engel, Patrick. „Negativistic Ethics in Sartre.“ *Sartre Studies International* 19, nr. 1 (2013): 16-34.
- Heter, T. Storm. „Authenticity and Others: Sartre’s Ethics of Recognition.“ *Sartre Studies International* 12, nr. 2 (2006): 17-43.
- Júlía Margrét Einarsdóttir og Kristján Guðjónsson. „Kann ekki við slagorðið „Ég hlýði Víði“.“ *Rúv*. Birt 16. apríl 2020.
<https://www.ruv.is/frett/2020/04/16/kann-ekki-vid-slagordid-eg-hlydi-vidi>
- Kruks, Sonia. „Beauvoir’s Time/Our Time: The Renaissance in Simone de Beauvoir Studies.“ *Feminist Studies* 31, nr. 2 (2005): 286-309, 452.
- MacIntyre, Alasdair. *After virtue*. A&C Black, 2013.
- Priest, Stephen, ritstj. *Jean-Paul Sartre: Basic Writings*. London: Routledge, 2001.
- Sartre, Jean-Paul. *Tilvistarstefnan er mannhyggja*. Þýð. Páll Skúlason og Egill Arnarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.
- Simons, Margaret A. *Beauvoir and the Second Sex: Feminism, Race, and the Origins of Existentialism*. Maryland: Rowman & Littlefield Publishers, Inc., 1999.
- „The Nobel Prize.“ Nobel Media AB 2020. Sótt 29. apríl 2020.
<https://www.nobelprize.org/prizes/literature/1964/sartre/documentary/>.
- Vilhjálmur Árnason. Inngangur að *Tilvistarstefnan er mannhyggja* eftir Jean-Paul Sartre, 9-44. Þýð. Páll Skúlason og Egill Arnarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.
- Wheeler, Michael, „Martin Heidegger“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, birt 12. október 2011 (skoðað 29. apríl 2020).